



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Menningar- og viðskiptaráðuneyti
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 30. ágúst 2022

2208017SA GB
Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að tónlistarstefnu, mál nr. 146/2022

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt stjórnvalda frá 17. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að tónlistarstefnu. Virðingarvert er að nú sé lögð fram stefna stjórnvalda um þetta málefni en tilefni er þó til ábendinga m.a. við gildissvið og samráð við gerð stefnunnar.

Ábendingar við gildissvið og samráð við gerð tónlistarstefnu

Stefnan er því marki brennd að hún fjallar svo til eingöngu um málefnasvið eins ráðuneytis, menningar- og viðskiptaráðuneytisins. Ekki er fjallað nema í framhjáhlaupi um þætti sem falla undir málefnasvið mennta- og barnamálaráðuneytis, sem fer með málefni leik-, grunn- og framhaldsskóla og málefni tónlistarskóla. Þar við bætist að kennaramenntun fellur undir þriðja ráðuneytið, sem er háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti. Engar tillögur eru settar fram um aðgerðir sem snúa að þessum ráðuneytum.

Ef markmiðið var að tónlistarstefna stæði undir nafni og gæfi heildstæða mynd af stöðu og forsendum öflugs tónlistarstarfs gefur auga leið að ekki er hægt að horfa framhjá stöðu og áskorunum í tónlistarmenntun á Íslandi, með því að horfa sérstaklega til starfsemi tónlistarskóla og kennaramenntunar. Einnig ætti að horfa til þess hvernig hægt væri að auka aðgengi barna og ungmenna að tónlistarmenntun, bæði í almenna skólakerfinu og í tónlistarskólum.

Samband íslenskra sveitarfélaga er sameiginlegur málsvari sveitarfélaga og kemur fram fyrir hönd þeirra í samskiptum við ríkið, sbr. 98. gr. sveitarstjórnarlaga. Ekki virðist hafa verið haft samráð við fulltrúa sambandsins við undirbúning stefnunnar, þótt sveitarfélög ýmist reki eða fjármagni starfsemi tónlistarskóla.

Ekki kemur fram í stefnuskjalinu hvort samráð hafi verið haft við einstök sveitarfélög, en m.a. má benda á að Reykjavíkurborg hefur nýlega samþykkt stefnu um fyrirkomulag tónlistarnáms til ársins 2030, sem hefði mátt hafa til hliðsjónar við gerð stefnunnar.

Ábendingar við stefnuþögn


Þær tillögur um aðgerðir sem fram koma í skýrslunni eru flestar þess eðlis að varða sveitarfélögin ekki beint. Sum þeirra markmiða sem sett eru fram, t.d. Markmið 3 um fjölbreytta og hágæða tónlistarmenntun, hljóta hins vegar að þurfa nánari umræðu og úrvinnslu með það að markmiði að greina stöðu tónlistarnáms og möguleika til úrbóta. Þar þarf ekki aðeins að horfa á hlutverk Listaháskóla Íslands hvað varðar kennaranám heldur að horfa heildstætt á fyrirkomulag tónlistarnáms

almennt og kennaranáms sérstaklega. Sambandið væntir góðs samstarfs við hlutaðeigandi ráðuneyti um þá vinnu, en bendir m.a. á að löngu er tímabært að setja nýjan lagaramma um starfsemi tónlistarskóla ásamt því að endurskoða námskrár fyrir tónlistarnám.

Ástæða er til að benda á að skoða ætti betur tengingu stefnunnar við aðra stefnumótun innan stjórnarráðsins, svo sem Menntastefnu til ársins 2030. Sérstök ástæða er til að nefna mikilvægi þess að fara yfir mögulega snertifleti við byggðaáætlun og við sóknaráætlanir landshluta. Má sem dæmi nefna hvort gildandi lög og reglur um sjóðakerfi innan greinarinnar taki mið af áherslum þessara áætlana stjórnvalda, svo sem um að jafna aðgengi að tónlistarviðburðum, sem einnig getur tengst Markmiði 1 um að hlúa að heimili tónlistar. Tækifæri og tilefni er til að líta sérstaklega til slíkra þátta ef verður af stofnun nýs tónlistarsjóðs, með áformaðri sameiningu þriggja sjóða, sbr. Markmið 4 um skilvirkt sjóðakerfi tónlistar. En tenging við byggðaáætlun og sóknaráætlanir á einnig við undir því markmiði varðandi sókn í evrópska og norræna styrkjasjóði.

Einnig er tilefni til að skoða markmið um bættu tölfræði tónlistargeirans út frá þeim þáttum sem hér hafa verið nefndir, m.a. þannig að tölfræði geti verið aðgengileg fyrir hvern landshluta ekki síður en landið í heild. Tölfræðisöfnun og vinnslu um starfsemi tónlistarskóla hefur verið mjög ábótavant um langt skeið og er mikil þörf fyrir úrbætur og betri skilgreiningu á hlutverki Hagstofunnar hvað varðar tölfræði menntamála.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs